



Skautasamband Íslands: Reglugerð

Reglugerð um dómara, tæknistjórnendur (TC), tæknisérfræðinga (TS) og tæknifólk (DRO)

Dómarar, tæknistjórnendur, tæknisérfræðingar og tæknifólk, sem fá boð um að starfa á mótum erlendis ber að láta ÍSS vita um leið og slíkt boð berst. ÍSS getur farið fram á að mót á vegum þess sé tekið fram yfir mót erlendis.

Dómarar, tæknistjórnendur, tæknisérfræðingar og tæknifólk þurfa að skila skýrslu um störf sín fyrir 15. júní árlega.

Dómarar

ÍSS sér um menntun íslenskra dómara. Nauðsynlegt er að dómarar hafi verið skautarar og verði að minnsta kosti 16 ára á árinu.

Stigakerfi dómara

Dómarar taka próf og færast milli stiga eftir stigakerfi ÍSS. Dómarar fá landsréttindi eftir að hafa staðist mat/próf á yfirdómaranámskeiði (Referee). Landsdómarar þurfa að hafa náð 20 ára aldri.

Æskilegast er að dómarar á landsdómarastigi starfi ekki jafnframt sem þjálfarar. Verði ekki hjá því komist gilda allar aðrar reglur einnig um dómara á landsdómarastigi.

Vanhæfi

Dómarar og yfirdómarar starfa eftir reglugerð um vanhæfi. Vanhæfi getur að auki átt við vegna þjálfunarstarfa, einkatíma og annarra starfa er talin eru geta haft áhrif á hlutdrægni dómara. Dómarar og yfirdómarar skulu ekki koma að þjálfun grunnprófa í félögum hvorki almennri þjálfun grunnprófa eða einkatímum.

Sá sem telur að seta sín sem dómari, í einhverjum keppnisflokkum A, B eða C, orki tvímælis vegna vanhæfis skal vekja athygli mótshaldara á því. Dómari ber ábyrgð á að meta vanhæfi sitt og/eða bera vafaatriði undir yfirdómara.

Fái dómari vitneskju um það á mótstað að hæfi hans sé dregið í efa skal hann tilkynna slíkt til yfirdómara. Yfirdómari skal gæta vel að hugsanlegu vanhæfi sínu.

Um dómara og yfirdómara sem eru iðkendur gilda að auki eftirfarandi reglur:

Dómarar og yfirdómarar geta ekki verið keppendur á móti sem þeir dæma á. Hægt er að sækja um undanþágu til ÍSS ef viðkomandi keppir í öðrum keppnisflokki en hann dæmir í (t.d. er keppandi í A eða B flokki en getur verið dómari í C flokki).

Dómari og yfirdómari getur ekki dæmt þá keppnisflokka sem hann er iðkandi í (t.d. iðkandi í C getur ekki dæmt C flokka þótt hann sé ekki keppandi á mótinu).

Um dómara og yfirdómara sem starfa sem þjálfarar gilda að auki eftirfarandi reglur:

Dómurum og yfirdómurum sem starfa sem þjálfarar ber að upplýsa ÍSS um eðli þjálfarastarfa sinna árlega og oftár ef þurfa þykir.

Hætti viðkomandi störfum sínum sem þjálfari getur hann ekki hafið störf sem dómari eða yfirdómari í þeim keppnisflokkum sem hann þjálfaði fyrr en á næsta keppnistímabili.



Skautasamband Íslands: Reglugerð

Dómari og yfirdómari getur ekki dæmt iðkendur sem hann þjálfaði fyrr en næsta keppnistímabil eftir að þjálfun lýkur.

Dómarar og yfirdómarar geta sem þjálfarar ekki fylgt keppendum á mót sem þeir einnig starfa á.

Dómarar og yfirdómarar sem starfa sem þjálfarar mega ekki dæma þá keppnisflokka sem þeir þjálfu.

- Sá sem starfar sem þjálfari í C keppnisflokkum má ekki dæma á mótum í þeim flokkum nema á innanfélagsmótum hjá öðrum félögum en þess er hann starfar fyrir.
- Sá sem starfar sem þjálfari í A og B keppnisflokkum má ekki dæma á mótum í þeim flokkum nema á innanfélagsmótum hjá öðrum félögum en þess er hann starfar fyrir.

Sjá einnig almennt ákvæði neðst í skjali.

Tæknistjórnandi (TC)

ÍSS sér um menntun tæknistjórnenda og koma þeir úr röðum dómara.

Til að hefja nám þarf viðkomandi að:

- Hafa að minnsta kosti fjögurra ára reynslu sem landsdómari.
- Vera orðinn 24 ára.

Stigakerfi tæknistjórnenda

Tæknistjórnendur taka próf og færast milli stiga eftir stigakerfi ÍSS.

Vanhæfi

Tæknistjórnendur starfa eftir reglugerð um vanhæfi.

Sá sem telur að seta sín sem tæknistjórnandi í einhverjum keppnisflokki orki tvímælis vegna vanhæfis skal vekja athygli mótshaldara á því.

Fái tæknistjórnandi vitneskju um það á mótssstað að hæfi hans sé dregið í efa skal hann tilkynna slíkt til yfirdómara.

Tæknistjórnandi ber ábyrgð á að meta vanhæfi sitt og/eða bera vafaatriði undir yfirdómara.

Um tæknistjórnendur sem starfa sem þjálfarar gilda að auki eftirfarandi reglur:

Tæknistjórnendur sem starfa sem þjálfarar ber að upplýsa ÍSS um eðli þjálfarastarfa sinna árlega og oftár ef þurfa þykir.

Tæknistjórnendur geta sem þjálfarar ekki fylgt keppendum á mót sem þeir einnig starfa á.

Sjá einnig almennt ákvæði neðst í skjali.



Skautasamband Íslands: Reglugerð

Tæknisérfræðingar (TS)

ÍSS sér um menntun tæknisérfræðinga.

Til að hefja nám þarf viðkomandi að hafa verið:

- Keppandi með landsliði ÍSS í einstaklingsflokki á stórmótum t.d. Norðurlandamótum.
- Orðinn 20 ára.
- Vera virkur í íþróttinni t.d. sem þjálfari.
- Má ekki hafa verið iðkandi með aðildarfélagi í að minnsta kosti 12 mánuði áður en nám hefst.

Stigakerfi tæknisérfræðinga

Tæknisérfræðingar taka próf og færast milli stiga eftir stigakerfi ÍSS.

Vanhæfi

Tæknisérfræðingar starfa eftir reglugerð um vanhæfi.

Sá sem telur að seta sín sem tæknisérfræðingur í einhverjum keppnisflokki orki tvímælis vegna vanhæfis skal vekja athygli mótshaldara á því.

Fái tæknisérfræðingur vitneskju um það á mótssstað að hæfi hans sé dregið í efa skal hann tilkynna slíkt til yfirdómara.

Tæknisérfræðingur ber ábyrgð á að meta vanhæfi sitt og/eða bera vafaatriði undir yfirdómara.

Um tæknisérfræðinga sem starfa sem þjálfarar gilda að auki eftirfarandi reglur:

Tæknisérfræðingar sem starfa sem þjálfarar ber að upplýsa ÍSS um eðli þjálfarastarfa sinna árlega og oftast ef þurfa þykir.

Tæknisérfræðingar geta sem þjálfarar ekki fylgt keppendum á mót sem þeir einnig starfa á.

Sjá einnig almennt ákvæði neðst í skjali.

Tæknifólk (DRO)

ÍSS sér um menntun tæknifólks.

Æskilegt er að DRO séu fyrrverandi skautarar eða reglulegir starfsmenn í íþróttinni t.d. þjálfarar eða dómarar, vel tölvufærir og orðnir 18 ára.

Um tæknifólk sem starfar sem þjálfarar gilda að auki eftirfarandi reglur:

Tæknifólk getur sem þjálfarar ekki fylgt keppendum á mót sem þeir einnig starfa á.

Sjá einnig almennt ákvæði neðst í skjali.



Skautasamband Íslands: Reglugerð

Almennt ákvæði

Allir starfsmenn panels skulu hafa gott tak á enskri tungu bæði í riti og máli, temja sér góðan samskiptamáta og geta starfað í hópi undir álagi.

Allir dómarmar þurfa að kunna góð skil á bæði stjörnukerfi og IJS kerfi og afla sér reglulega upplýsinga um breytingar hafi þær átt sér stað. Byrjendur skulu sitja sem æfingadómarmar.

Allir dómarmar, yfirdómarmar, tæknistjórnendur, tæknisérfræðingar og tæknifólk þurfa að þreyta og standast próf þegar færst er á milli stiga. Einnig gilda reglur um aldur, starfsreynslu, námskeiðssókn og niðurstöður prófa þegar færst er á milli stiga.

Ætlast er til að starfsfólk panels á lista ÍSS sækja haustnámskeið hjá ÍSS á að minnsta kosti 24 mánaða fresti (á ekki við um tæknifólk) og skili vinnuskyldu til skautaiþróttarinnar til að viðhalda réttindum sínum. Æskilegt er að þeir sem eru á lista sækji þau námskeið sem eru í boði héraðs fyrir grein sína hverju sinni en ekki einungis á 24 mánaða fresti.

Vinnuskylda starfsfólks á panel

Á hverju 24 mánaða tímabili þarf viðkomandi að:

- Starfa á 2-3 ÍSS mótum
- Starfa á 2-3 millifélaga/innanfélagsmótum (á ekki við um tæknifólk)

Teljast einhver ekki uppfylla skilyrði í reglugerð þessari getur stjórn ÍSS gefið áminningu og/eða fært viðkomandi milli stiga.